
Tillaga:

Eftirfarandi mun leiða til breytinga á fjárhagsáætlun á milli umræðna

Skjal sótt af 'ppppppppp' dags. 11.11.2026

Skilvirkari stjórnsýsla. Breytt forgangsröðun

Dregið úr nefndarkostnaði



- Kostnaður vegna nefnda og ráða verður lækkaður um 85 milljónir króna
  - Í framlagðri áætlun hefur kostnaður þegar verið lækkaður um 37 milljónir
  - Lagt er til hagræðing upp á 48 milljónir til viðbótar á nefndarkostnaði með því að draga úr fundartíðni nefnda og ráða

Rökstuðningur

Til að tryggja skilvirkari vinnubrögð innan stjórnsýslunnar. Fundartíðni er of ör, meðallengd funda 2 klukkustundir.

Meðallaun nefndarmanna í fagráðum/klst: 90/60 þús

Meðallaun nefndarmanna í nefndum/klst: 55/35 þús

Tillaga að breyttri fundartíðni


	2022	2023*	Áætlun 2024
Velferðarráð	17	13	14
Menntaráð	17	14	14
Skipulagsráð	23	17	óbreytt
Jafnréttis- og mannréttindaráð	9	9	8
Leikskólanefnd	10	10	8
Lista- og menningarráð	13	10	8
Íþróttaráð	10	9	8
Umhverfis- og samgöngunefnd	11	9	8
Hafnarstjórn	5	4	4
Öldungaráð	4	4	óbreytt
Ungmennaráð	6	6	óbreytt

*Árið 2023 frá janúar - nóvember

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Hagkvæmari innkaup. Hagkvæmari rekstur

Hagkvæmari innkaup



- Innkaup Kópavogsbæjar á vörum- og þjónustu eru í kringum 8-9 milljarðar króna, þar af er matvæla-kostnaður Kópavogsbæjar er í kringum 700 milljónir

Aukin áhersla verður á árinu 2024 í að fylgja innkaupum bæjarins betur eftir:

- Spretthópur var nýverið settur á laggirnar sem mun rýna rekstur mötuneyta og kortleggja tækifæri til hagkvæmari innkaupa
- Markviss skref stigin í að kortleggja og setja á laggirnar vefverslun í samráði við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og mögulega í samstarfi við ríkið.

Starfsumhverfi leikskóla



- Breytingar á starfsumhverfi í leikskólum hafa leitt til þess að kostnaður hefur lækkað um 170 milljónir króna
- Allur fjárhagslegur ávinningur af breyttri starfsemi verður nýttur til að styrkja enn frekar starfsumhverfi leikskóla
- Í fjárhagsáætlun 2023 voru samþykktar breytingar á barngildisviðmiðum (+76.000.000 kr.)
- Frekari aðgerðir verða kortlagðar í samráði við menntasvið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Viðbætur í samþykktri aðgerðaáætlun

Viðbætur til samþykktar í aðgerðaáætlun sviða

- Velferðarsvið. Innleiða rafræna fjárhagsaðstoð sem eykur skilvirkni og sparar bæjarbúum sporin (+2.000.000 kr.)
- Velferðarsvið. Barnagreiðslur til foreldra á fjárhagsaðstoð verða hækkaðar til að mæta fæðiskostnaði í leik- og grunnskóla og frístund (7.800.000 kr.)
- Menntasvið. Hækka frístundastyrk barna og ungmenna í samræmi við verðlagsþróun (+15.000.000 kr.)
- Menntasvið. Stíga marviss skref í að útvíkka verkefnið „Virkni og vellíðan“ inn í félagsmiðstöðvar og heim til eldri bæjarbúa sem ekki hafa heilsu til að mæta.
- Stjórnsýslusvið. Bæta þjónustu við bæjarbúa með áframhaldandi þróun á þjónustuappi. Tryggja að bæjarbúar geti haft aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og átt í gagnvirku samtali við bæinn. (+5.600.000 kr.)
- Fjármálasvið. Ráðgjafarkostnaður og tímabundið 50% stöðugildi til að endurskoða verklag sviðsins (+20.000.000 kr.)
- Umhverfissvið. Aukið fjármagn í fyrirbyggjandi viðhald við stofnanir bæjarins (+30.000.000 kr.)
- Umhverfissvið. Fjárfesta í aðstöðu fyrir dagforeldra á gæsluvöllum (+50.000.000 kr.)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Tillaga. Tekjutengdir afslættir leikskólagjalda

Til að koma betur til móts við tekjulág heimili og einstæða foreldra er lagt til að tekjutengdur afsláttur leikskólagjalda breytist með eftirfarandi hætti:

Einstæðir:	
Tekuviðmið	**Afsláttur**
0 - 460.000 kr.	50%
460.001 - 750.000 kr.	40%
750.001 - 790.000 kr.	30%
790.001 - 830.000 kr.	20%
830.001 - 870.000 kr.	10%

Í sambúð:	
Tekuviðmið	**Afsláttur**
0 - 660.000 kr.	50%
685.001 - 980.000 kr.	40%
980.001 - 1.020.000 kr.	30%
1.020.001 - 1.060.000 kr.	20%
1.060.001 - 1.100.000 kr.	10%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026